



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 2/2024

Fullyrðingar Fitness Sport ehf. um lyfjavirkni CBD vara

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Fitness Sport ehf., rekstraraðila vefsíðunnar fitnesssport.is, dags. 30. júní 2023, var greint frá því að stofnuninni hafi borist ábending vegna fullyrðinga félagsins um virkni og notkunarmöguleika CBD vara sem auglýstar væru til sölu á framangreindri vefsíðu félagsins ásamt framsetningu auglýsinga og annarra kynninga á vefsíðunni.

Í bréfi stofnunarinnar var tekið fram að á vefsíðu félagsins væru seldar CBD vörur af ýmsum toga frá framleiðandanum CBD One. Á síðunni væri jafnframt að finna ýmsar fullyrðingar um ágæti CBD og áhrif þess á heilsu manna. Miðað við umfjöllun á vefsíðu félagsins væri að miklu leyti lýst lyfjavirkni viðkomandi vara þrátt fyrir að þær væru ekki skráðar sem lyf. Fullyrðingarnar væru bæði birtar í lýsingu á umræddum vörum og í markaðsefni félagsins sem væri m.a. birt á samfélagsmiðlum félagsins.

Í bréfinu vísaði stofnunin til þess að ákvæði 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ásamt 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, og ákvæðum 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2013, kæmu til skoðunar í málinu.

Óskaði stofnunin eftir skýringum og/eða öðrum athugasemdum félagsins við erindi stofnunarinnar.

2.

Svar barst Neytendastofu með tölvubréfi, mótt. 9. ágúst 2023, þar sem félagið gerði grein fyrir athugasemdum sínum.



Tók félagið fram að á vefsíðu sinni væri á engan hátt fullyrt að vara lækni sjúkleika eða hafi aðra þá virkni að breyta líffærastarfsemi. Þvert á móti sé talað um að árangur af notkun varanna væri einstaklingsbundin.

Betri svefn, minni kvíði, minni vöðvaverki og hraðari endurheimt sé það sem viðskiptavinir félagsins finni við notkun vörunnar og ekkert af þessum atriðum geti flokkast undir að brjóta 17. tölul. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

Það að Neytendastofa hafi fundið að starfsaðferðum keppinautar félagsins þýði ekki að allir seljendur CBD vara séu settir undir sama hatt og hafi allir brotið reglur.

Fitness Sport hafi ekki brotið neinar reglur. Í bréfinu er þó tiltekið að lagfæringar verði gerðar telji stofnunin þörf á því

Í kjölfar svars félagsins lýsti Neytendastofa gagnaöflun í málinu lokið með bréfi til Fitness Sport, dags. 5. október 2023.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að fullyrðingum um virkni og notkunarmöguleika CBD snyrtivöru sem auglýstar eru á vefsíðu Fitness Sport ehf., fitnesssport.is. Vísaði Neytendastofa til ákvæða 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ákvæða 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2003, ásamt 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

Í svari félagsins kom fram að félagið hafi á engan hátt fullyrt að vara lækni sjúkleika eða hafi aðra þá virkni að breyta líffærastarfsemi. Þvert á móti sé tekið fram að árangur af vörunum sé einstaklingsbundinn. Þær verkanir sem teknar voru fram á vefsíðu félagsins sé það sem viðskiptavinir hafi fundið við notkun vörunnar sem flokkist ekki undir brot gegn 17. tölul. reglugerðar 160/2009. Taldi félagið sig ekki hafa brotið neinar reglur.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.



Í 4. mgr. 6. gr. laganna er kveðið á um það að fyrirtæki skuli geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum þeirra. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geta þær verið til þess fallnar að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjarnar gagnvart keppinautum.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr., sem er í III. kafla, er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í erindi Neytendastofu var vísað til b. liðar 1. mgr. 9. gr. laganna, þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

„b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar,“

Í 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga er kveðið á um að óheimilt sé að villa um fyrir neytendum með auglýsingu, öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum eða framsetningu efna og efnablandna ásamt því að óheimilt sé að fullyrða í auglýsingum og öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum að snyrtivara hafi tiltekna eiginleika eða virkni sem hún hefur ekki.

Þá er í 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, kveðið á um að það séu villandi viðskiptahættir að halda því ranglega fram að vara geti læknað sjúkleika, röskun á líffærastarfsemi eða vansköpun.

3.

Í máli þessu liggur fyrir að Fitness Sport hefur á vefsíðu sinni, fitnesssport.is, notað fullyrðingar um lyfjavirkni CBD sem fyrirfinnst í snyrtivörum sem seldar er á vefsíðunni. Undir umræddum vörum á vefsíðu félagsins er tekið fram að fólk hafi meðal annars fundið fyrir betri svefni, minnkuðum kvíða, minni vöðva- og liðverkjum, og hraðari endurheimt eftir ýmis konar hreyfingu. Í svörum sínum vísaði félagið til þess að um væri að ræða umsagnir frá



notendum vörunnar og sé þ.a.l. ekki um fullyrðingar um lyfjavirkni að ræða. Tekið sé fram að árangur af vörunum sé einstaklingsbundinn. Að mati stofnunarinnar fela lýsingar á upplifun ótilgreindra notenda vörunnar í sér fullyrðingar um að varan kunni að hafa ákveðna virkni á ýmsa kvilla sem kunna að hrjá hann. Umræddar umfjallanir eru því settar fram með þeim hætti að því er í raun haldið fram að vörunar kunni að vera gagnlegar við tilgreindum kvillum eins og um lyf sé að ræða en fyrir liggur að vörur félagsins eru ekki skráðar sem lyf, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. lyfjalaga, en líkt og kom fram undir rekstri málsins er óheimilt að auglýsa lyf sem ekki hefur hlotið markaðsleyfi eða leyfi til samhliða innflutnings hér á landi, sbr. a. lið 1. mgr. 56. gr. lyfjalaga nr. 100/2020. Með slíkum fullyrðingum og kynningarefni, sem að mati Neytendastofu verður að telja að sé í beinum tengslum við sölu og auglýsingar á vörum félagsins, er verið að fullyrða um eiginleika og virkni sem eiga almennt ekki við um snyrtivörur.

Í málinu lagði félagið ekki fram gögn sem gætu sannað þær fullyrðingar sem komu fram í markaðsefni um CBD snyrtivörur sem félagið selur. Með hliðsjón af því er það mat stofnunarinnar að félaginu hafi ekki tekist að færa sönnur á fullyrðingar þær sem hér eru til umfjöllunar um virkni CBD vara á neytendur. Neytendur eiga að geta gengið út frá því að fullyrðingar um eins mikilvæga hagsmuni og heilsu þeirra standist og séu ekki villandi um eiginleika vörunnar. Telur stofnunin að það kunni að ýta undir að neytendur taki ákvörðun um viðskipti á grundvelli þessara upplýsinga, sem þeir hefðu annars ekki tekið og þar með er það mat stofnunarinnar að viðskiptahættir þessir séu til þess fallnir að valda því að hinn almenni neytandi taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið. Þá eru fullyrðingarnar líklegar til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda.

Með vísan til alls framangreinds hefur Fitness Sport, með því að fullyrða um lyfjavirkni CBD í markaðssetningu fyrir snyrtivörur undir vörumerkinu „CBD One“, brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ákvæðum 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2003, auk ákvæðis 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

Í svari sínu vísaði félagið jafnframt til þess að þó að stofnunin hafi fundið að viðskiptaháttum keppinauta félagsins sé það ekki svo að allir séu færðir undir sama hatt. Þykir Neytendastofu rétt að benda á að hvert og eitt tilvik er metið sjálfstætt og óháð markaðsefni annarra seljenda hér á landi. Í máli þessu lagði stofnunin sjálfstætt mat á það markaðsefni sem hér er til umfjöllunar og taldi tilefni til aðgerða vegna þess. Matið tengist ekki viðskiptaháttum keppinauta félagsins.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.-VIII. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið, eðli þeirra fullyrðinga sem um ræðir og þess að brotið er gegn viðskiptaháttum



sem í öllum tilvikum teljast óréttmætir telur Neytendastofa rétt að leggja á sekt í samræmi við heimildir laganna.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur Neytendastofa brot Fitness Sport ehf. alvarlegt auk þess að stríða gegn góðum viðskiptaháttum. Að teknu tilliti til þessa, umfangs brotsins, jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnslulaga og að því virtu að félagið fjarlægði hinar umdeildu fullyrðingar undir rekstri málsins telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Fitness Sport stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 100.000,- (eitt hundrað þúsund krónur).

III.

Ákvörðunarorð:

„Fitness Sport ehf., Háabergi 17, 221 Hafnarfjörður, hefur brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ákvæðum 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2003 og 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, með fullyrðingum um lyfjavirkni snyrtivara á vefsíðu félagsins.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Fitness Sport ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 100.000 kr. (eitt hundrað þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 15. janúar 2024

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir